

FORMLEGT GÆÐAKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samantekt úr greinagerð

um reglulegt mat

Menntavísindasvið febrúar 2026

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úr reglulegu mati Menntavísindasviðs eins og þeim er lýst í greinagerð um reglulegt mat í febrúar 2026. Reglulegt mat er hluti af innra gæðamati Háskóla Íslands og er gert í samræmi við skilgreint verklag í gæðakerfi HÍ. Matið byggir á sjálfsmati deilda, símatsskýrslum, rannsóknaskýrslum, nemenda- og starfsumhverfiskönnunum, tölulegum gögnum um starfsemi og samráði við starfsmenn, nemendur og hagaðila.

Skýrsluhöfundar:

Stýrihópur undir forystu Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs
Sverrir Óskarsson, stefnufulltrúi, ritstjóri skýrslunnar

Þátttakendur:

Forsetar deilda, rekstrarstjóri, mannauðsstjóri, kennslustjóri og rannsóknastjóri sviðsins
Fulltrúi nemenda
Forstöðumaður Menntavísindastofnunar
Auk fjölmargra starfsmanna sviðsins

Samantektin er birt á vefsíðu Háskólans í þeim tilgangi að upplýsa hagaðila um hvernig gæði náms, kennslu og rannsókna eru tryggð innan fræðasviðsins.

Inngangur

Við matið var lögð áhersla á að greina góða starfshætti, finna tækifæri til umbóta, greina nauðsynlegar úrbætur og tryggja markvissa eftirfylgni niðurstaðna. Í greinagerðinni er því lýst hvernig gæði hafa verið tryggð og þróuð á fræðasviðinu og greint frá ígrundun um hvort þörf sé á breyttu verklagi.

Innra gæðastarf

Matið nýtir fjölbreyttar heimildir úr innra gæðakerfi sviðsins, þar á meðal sjálfsmat deilda, símatsskýrslur frá 2025, rannsóknaskýrslu, nemenda- og útskriftarkannanir, starfsumhverfiskannanir og samráð við nemendur og ytri hagaðila. Með þessu hefur sviðið byggt upp traustari yfirsýn yfir gæði náms, rannsókna, mannauðs og samfélagslegs hlutverks.

Helstu niðurstöður

Menntavísindasvið gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki með rannsóknum á sviði menntunar, íþróttar, heilsuefningar og velferðar, og menntar fjölbreyttar fagstéttir fyrir skóla-, frístunda- og velferðarkerfi samfélagsins. Nám og kennsla eru meðal helstu styrkleika sviðsins, með yfir 2.600 nemendum, rúmlega 110.000 þreyttar ECTS-einingar árlega og almennt jákvæða niðurstöðu nemendakannana.

Rannsóknastarf sviðsins hefur styrkst jafnt og þétt, með auknum rannsókn- og aflstigum, vaxandi þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og meiri sókn í erlenda sjóði. Samhliða því eru áskoranir varðandi álag á rannsakendur, fjármögnun doktorsnáms, aðgengi að stærri styrkjum og þörf á enn betri rannsóknainnviðum og stoðþjónustu.

Sviðið hefur einnig sterka samfélagslega tengingu, meðal annars í gegnum NýMennt og samstarf við sveitarfélög, ráðuneyti og fagfélög. Á sama tíma kallar vinnuálag starfsfólks, hátt hlutfall tímabundinna ráðninga og flutningur í nýtt húsnæði á markvissa eftirfylgni, skýrari forgangsröðun og áframhaldandi umbætur á náms- og vinnuumhverfi.

Góðir starfshættir

Eftirfarandi starfsvenjur sem varpað var ljósi á í matinu er vert að nýta hjá fleiri starfseiningum innan fræðasviðsins og miðla bestu starfsvenjum:

- » Markviss samþætting fræða og fags í kennslu, með sterk tengsl við vettvang og fjölbreytt starfsnám.
- » Öflug kennsluþróun og fjölbreytt námsform, þar á meðal fjarnám, blandað nám, staðlotur og teymiskennsla.
- » Fyrirmyndar stuðningur við nemendur með fjölbreyttar þarfir og gott aðgengi að kennurum.
- » Sterk samfélagsleg tenging og virkt samstarf við ytri hagaðila.
- » Fagleg samvinna, traust stjórnáslá og öflug stoðþjónusta við kennslu og rannsóknir.
- » Framúrskarandi verkefni á borð við inngildandi háskólanám, raunfærnimat, fagháskólanám og þverfaglegt doktorsnám.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta innan fræðasviðsins komu í ljós við matið og er vert að nýta eða kanna betur:

- » Efla námssamfélag í nýju húsnæði og laða að bæði nemendur og starfsfólk.
- » Auka samráð við nemendur og virkja þau frekar í þróun náms og kennslu.
- » Auka stuðning og stoðþjónustu við kennslu til að létta álag á kennurum.
- » Styðja betur við rannsóknir, fjármögnun doktorsnáms og sókn í styrkjasjóði.

Atriði sem þarfnast úrbóta

Eftirfarandi eru þær úrbætur sem mikilvægast er að ráðast í á fræðasviðinu:

- » Fjölga fastráðnum akademískum starfsmönnum og finna leiðir til að minnka álag á starfsfólki.
- » Efla námsumhverfi og skýrari umgjörð um ólík námsform, þar á meðal stað- og fjarnám.
- » Klára flutninga í Sögu og tryggja gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.
- » Sækja áfram fram í rannsóknum og vinna markvisst að fjármögnun doktorsnáms.

Aðgerðir og áætlun um innra gæðamat

Aðgerðaáætlun 2026–2027 er byggð upp í kringum nám og kennslu, rannsóknir, starfsumhverfi og samfélag. Þar er meðal annars lögð áhersla á reglulegt samráð við nemendur, styrkingu rannsóknatengds framhaldsnáms, nýtingu gervigreindar á ábyrgan hátt í kennslu, eflingu stoðþjónustu og skýrari umgjörð um gæði ólíkra námsforma.

Eftirfylgni og ábyrgð

Forseti Menntavísindasviðs, í samráði við stjórnendur, deildir og stoðeiningar sviðsins, ber ábyrgð á eftirfylgni með aðgerðaáætlun og áætlun um innra gæðamat á tímabilinu 2026–2029.